



# Fréttabréf Skeggjastaðahrepps

Útdráttur úr fundargerðum

Útgáfa mars 2005

Ábyrgðarmaður. Selma Björk Hauksdóttir

## Fundur 17. febrúar 2005

Fundarefni: umsóknir sem borist hafa um byggðarkvóta.  
Farið var yfir umsóknir sem bárust og ákveðið var að leita fleiri gagna.

## Fundur 1.mars 2005

Farið var yfir gang mála í verklegum framkvæmdum sveitarfélagsins. Búið er að sjóða flest öll vatnsrör saman og styttest í að vatnstankurinn verði tilbúinn til útboðs. Aðal- og deiliskipulag eru í umsögn og hafa einhverjar athugasemdir borist. Frágangur á pappírnum vegna íbúðahúsa hreppsins hefur dregist úr hófi, óskað verður skýringa hjá Regula.

Svar barst frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna viðbótarframlags vegna grunnskólans fyrir árið 2004. Framlagið er 548.000 kr. og óskað verur skýringa á því hvers vegna það er ekki hærra.

Bréf barst frá Hafnarsambandinu þar sem mælt er með að gjaldskrá hafnarinnar verði auglýst í B-deild stjórnartíðinda.

Bréf barst frá Björgunarsveitinni Vopna þar sem farið er fram á styrk vegna tækjakaupa. Ákveðið að veita styrk uppá 150.000 kr.

Bréf barst frá iðnnemasambandi Íslands þar sem skorað er á sveitarfélög að greiða fyrir dagvistun barna í öðrum sviatarfélögum. Samþykkt þannig að sótt verði um í hverju tilfelli fyrir sig.

Bréf barst frá félagsmálaráðuneytinu þar sem óskað er eftir reglum um félagslega heimaþjónustu.

Tilboð hefur borist í bókhaldsvinnu hreppsins frá endurskoðendum hreppsins. Ákveðið var að leita fleiri tilboða.

Málefni skóla- og félagsþjónustu. Skoðuð var ársskýrsla skóla- og félagsþjónstu og farið var yfir hvað felst í þeirri þjónustu. Miklar umræður áttu sér stað og ákveðið var að halda áfram með málið á næsta fundi.